



Oddeyrarskóli Tengja

2. tbl.
skólaárið
2013-2014



Heimsóknir úr Reykjanesbæ

Föstudaginn 13. september fengum við góða heimsókn kennara úr Njarðvíkurskóla í Reykjanesbæ. Þau kynntu sér skólafarfið, m.a. hvernig unnið er með Byrjendalæsi, SMT og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Það var frábært að fá þau í heimsókn og við vonum sannarlega að bæði gestir og starfsmenn Oddeyrarskóla hafi notið góðs af heimsókninni. Í nóvember koma einnig kennarar frá grunnskólanum í Grindavík og Akurskóla í Reykjanesbæ.

Kennaranemar í Oddeyrarskóla

Hjá okkur í Oddeyrarskóla eru nú tveir kennaranemar, en það eru þær Elín Birna og Særún. Þær eru kennaranemar á 5. ári við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þær hafa frá því í ágúst verið í vettvangsnámi og hafa fylgst vel með skólafarfinu og gert ýmsar athuganir. Nú eru þær að hefja æfingakennslu sem mun standa fram í desember. Elín Birna leggur megináherslu á kennslu yngri barna og er í æfingakennslu í 1. og 2. bekk en Særún leggur áherslu á eldri nemendur og verður hún í æfingakennslu á miðstigi. Leiðsagnarkennarar þeirra eru Kristín Bergþóra, Jóhanna Freydís og Ragnheiður Ásta.



PALS—Paralestur

Í haust fóru margir kennarar úr Oddeyrarskóla á námskeið í PALS kennsluáðferðinni. PALS—þör að læra saman var þróað í Peabody Collage í Tennessee fylki í Bandaríkjunum.

Markmiðið með áðferðinni er að gefa kennurum kost á að þjálfa alla nemendur bekkjar samtímis í lestri eða stærðfræði með jafningjamiðaðri nálgun. PALS lestraráðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35-45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvern annan við að bæta lesturinn. Þörin nota stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig, m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennarinn fylgist með þörunum og aðstoðar þau eftir þörfum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum PALS á lestrarfærni nemenda hafa sýnt að þeir nemendur sem fengið hafa PALS þjálfun standa mun betur en samanburðarhópar sem ekki hafa fengið slíka þjálfun.



Á döfinni

1. og 2. október:

Myndatökur, allur skólinn.

3. október:

Fjölgreindarleikar og aðalfundur foreldrafélagsins.

4. október:

Skipulagsdagur hjá starfsfólki, frí hjá nemendum. Starfsmenn sækja málþing sem ber heitið *Samræða skólastiga, lærdómssamfélagið*.

25. og 28. október:

Vetrarfrí.

8. nóvember:

Baráttudagur gegn einelti.


Ný heimasíða Oddeyrarskóla — oddeyrarskoli.is

Nú er ný heimasíða Oddeyrarskóla komin í loftið og erum við afar stolt af henni. Við erum enn að tína inn gamalt efni, en hún ætti að vera orðin vel nothæf fyrir daglega upplýsingaöflun. Við reynum að vera dugleg að mynda atburði og setja inn á myndasíðuna svo við hvetjum nemendur og foreldra til að kíkja reglulega inn á síðuna og fylgjast með myndum og fréttum. Ef einhverjir hafa ábendingar varðandi heimasíðuna væri frábært að heyra frá ykkur. Hægt er að hafa samband við vefstjóra á netfangið kristin@oddeyrarskoli.is

Starfsmannabreytingar

Sigurður Grétar Sigurðsson kennari sem hefur starfað í Oddeyrarskóla í þrjá vetur hefur tekið ákvörðun um að flytja til Noregs og er því að hætta í Oddeyrarskóla. Við þökkum Sigurði kærlega fyrir gott samstarf þessi ár og óskum honum alls hins besta á nýjum vettvangi.


Nýráðinn kennari í hans stað er Heimir Örn Árnason, en hann hefur kennt um árabíl í Naustaskóla og þar áður kenndi hann í Ingunnarskóla. Við bjóðum Heimi velkominn til starfa í Oddeyrarskóla.




6. bekk boðið í kynnisferð í Hof

Nú er mikið um að vera hjá nemendum 6. bekkjar. Miðvikudaginn 25. september var nemendum boðið í Hof. Þau fóru í skoðunarferð um húsið, meðal annars upp á þriðju hæð þar sem þau fengu að ganga eftir ljósarám í loftinu og svo alla leið niður í kjallara. Þau hittu snjalla gervimeistara sem sýndu börnunum töfra leikhúsgerva og fengu nemendur að taka þátt í því ferli. Ragna Fossberg, sem starfað hefur við Ríkissjónvarpið til fjölda ára, fékk nokkra sjálfboðaliða úr hópi nemenda og setti á þau skegg, hárkollu eða farðaði á ævintýrlegan hátt. Þá var tæknisýning þar sem tæknimenn Hofs sýndu hvað hægt er að gera með hljóði og ljósum. Börnunum var einnig boðið upp á léttu hressingu. Að lokum var töfrásýning þar sem Lalli töframaður sýndi snilldartakta og var með sýningu og kennslu í töfrabrögðum.

Frábært framtak hjá Akureyrarbæ og Menningarhúsinu Hofi, kærar þakkir fyrir okkur!



Apríl förðuð marin og blá



Róbert með yfirvaraskegg